

Kaupmannahöfn. 27. apríl 2017

Til fjárlaganefndar Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022, 402. mál.

Ágæti formaður

Það má fullyrða að fjármálaáætlun til næstu fimm ára valdi stjórnendum, starfsfólki og nemendum framhaldsskólanna miklum vonbrigðum. Það er ljóst að áfram verður skorið niður til skólastigsins þrátt fyrir að í fyrri áætlun hafi verið gert ráð fyrir að allur sparnaður sem átti að falla til vegna styttingar þriggja ára stúdentsprófs myndi haldast inn í kerfinu. Framhaldsskólar landsins hafa margir hverjir glímt við alvarlegan rekstrarvanda undanfarin ár sem hefur því miður verið viðvarandi vegna kröfu um aðhald og niðurskurð. Skaðinn er skeður þar sem skólar hafa orðið að draga saman í tækjakaupum og námsframboði. Slíkt er ekki bjóðandi þegar verið er að mennta nemendur fyrir atvinnulífið eða áframhaldandi nám. Ekkert í núverandi rekstraráætlun gefur fyrirheit um að þessi staða muni lagast. Það er grafalvarlegt mál þegar fjöldi skóla þarf að fá halaklippingar ítrekað til að laga rekstrarstöðuna.

Í nýrri fjármálaáætlun segir:

„Langvarandi aðhald í fjárheimildum til framhaldsskóla hefur sett mark sitt á starfsemi framhaldsskóla og rekstrarstöðu þeirra. Undirfjármögnun hefur bitnað á gæðum kennslu og námsframboði og hvorki hefur verið unnt að veita viðunandi stoðþjónustu né endurnýja búnað og kennslutæki.“

Sú fjármálaáætlun sem lögð er fram vegur alvarlega að starfi skólanna í náinni framtíð. Það er ljóst að laga þarf þá undirfjármögnun sem hefur ríkt í kerfinu síðustu ár og fyrri loforð efnd, þ.e. fjármagn sem sparast vegna styttingar stúdentsprófs haldist inn í kerfinu og nemendum tryggð menntun sem er á við þá bestu sem völ er á.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
skólameistari og formaður Skólameistarafélags Íslands

